

Foreldraráð Verzlunarskólans

Stjórnarfundur haldinn þann 1. september klukkan 17.00 í fundarherbergi Verzlunarskóla Íslands.

Mætt eru: Margrét Ármann, Svandís Sturludóttir, María Fjóla Pétursdóttir, María Björk, Óskarsdóttir, Hafsteinn Hafsteinsson, Þórdís Guðmundsdóttir, Brynja Kristinsdóttiri og Helga Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

Fyrri helmingur fundarins fór í að taka á móti gestum.

1. Unnur og Hrafnhildur í Hugarfrelsi komu sem gestir á fundinn, kynntu starf sitt og hvað þær bjóða upp á fyrir ungt fólk/nemendur sem eru oft illa haldnir af kvíða og depurð auk þess sem áreiti af samfélagsmiðlum er gríðarlegt og erfitt að einbeita sér og horfa inn á við. Kvíði er að aukast og lítill vinnufriður stundum í tímum. Margir skólar eru þegar farnir að notfæra sér á slíka þjónustu á einhvern hátt. Ákveðið að þær sendi okkur tillögur um hvað þær geta boðið okkur uppá sem við foreldrafélagið gæti mögulega boðið nemendum upp á. Þær eru bjóða m.a. upp á fyrirlestra fyrir kennara og foreldra, halda námskeið bæði í skólum eða í sínu húsnæði þangað sem unga fólk mætir þá beint utan skólans. Þegar að við höfum fengið nánari upplýsingar munum við taka samtal bæði við skólastjórn og nemendafélagið til að kanna hvort áhugi sé á því að bjóða upp á þjónustu/ráðgjöf sem þessa í einhverri mynd.
2. Guðrún Gígja forseti NFVÍ kom í heimsókn til okkar og kynnti fyrir okkur það sem þau leggja áherslu á í vetur. Við fórum yfir okkar starfsemi og áhuga okkar á að styðja betur við krakkana. Einnig hvernig við getum bætt ballgæsluna og stuðlað að því að ákveðnum atriðum sem við höfum ítrekað bent á varðandi aðganginn verði hrint í framkvæmd en stelpuröðin er alltaf margfalt lengri og seinlegri en strákaröðin. Nemendaráð ætlar að halda geðheilbrigðisviku í janúar og ljóst að foreldraráðið getur komið að því. Ný nefnd var sett á laggirnar í sumar sem er geðheilbrigðisnefnd, og foreldraráð getur þá unnið með þeirri nefnd. Mikil vinna er í gangi við að efla femíniska hugsun í skólanum og er foreldrafélagið ánægt með þá þróun. Busaballið verður haldið þann 14. september í Vodafonehöllinni og ljóst að viðburðadagatalið er þétt skipað í allan vetur þannig að félagslífið verður öflugt eins og endranær. Að ending var rætt um aukna notkun eiturlyfja, veltum fyrir okkur stöðu mála í Versló og hvað er hægt að gera til að sporna við henni – hvernig best væri að efla forvarnarstarf sem næði til krakkanna.
3. Pálína Magnúsdóttir kennari og forvarnarfulltrúi kom á fundinn og ræddum við, við hana um aðkomu foreldrafélagsins að forvarnarstarfi skólans. Pálína koma með lista af foreldrum 1. Árs nema sem höfðu skráð sig á lista vegna ballgæslu þegar að nýnemeforeldravöldið var. Fjöldinn allur skráði sig og mun svo bætast við listann þegar aðrir foreldrar fá tækifæri til að skrá sig líka þannig að það mun vonandi ganga jafnvel að manna gæsluna í vetur eins og síðasta vetur ef þetta nær fram að ganga. Ræddar voru ýmsar hugmyndir varðandi ballgæsluna.

Formlegur fundur foreldraráðs.

1. Stjórn foreldraráðsins – rætt var um breytingar á stjórninni, farið yfir það hvaða fulltrúar væru sjálfkrafa dottnir út úr stjórninni síðan síðasta vor og hverjir sæju fyrir sér að halda áfram. Umboð verða endurnýjuð á næsta aðalfundi og rætt um nauðsyn þess að fá foreldra yngri nemenda inn í stjórnina fyrir komandi skólaár.
2. Foreldravöld og Aðalfundur foreldrafélagsins – ákveðið hefur verið að halda hann þann 27. September nk. og þarf fljótlega að hefja alla skipulagningu sem tengjast hefðbundnum aðalfundarstörfum. Auglýsa þarf aðalfundinn með 7 daga fyrirvara skv. Lögum félagsins. Ársreikningurinn þarf að liggja fyrir skoðaður af skoðunarmönnum félagsins svo nokkuð sé nefnt. Hafsteinn kom með drög að ársreikningi til að kynna fyrir stjórn en enn vantaði nokkra reikninga sem myndu falla til tengt nýnemaballinu. Hugmynd kom fram um að hækka árgjaldið

til að geta tryggt enn betur möguleikann á forvarnarstarfi, fyrirlestrum o.fl. Allir stjórnarmenn voru sammála.

3. Boðið verður upp á flottan fyrirlestur á foreldravöldinu og höfum við þegar rætt við Þorgrím Þráinsson um að taka það verkefni að sér en hann slær alls staðar í gegn með skilaboðum sínum til foreldra og ungmenna. Fá þarf nánari upplýsingar frá Þorgrími varðandi efnisinnihald fyrirlestursins og tryggja að það sé í takt við okkar nálgun og hugmyndir.
4. Ballgæslan, þurfum að huga tímanlega að því að manna gæsluna fyrir nýnema ballið, munum bæði auglýsa á FB og vinna með þann lista sem þegar liggur fyrir frá foreldrum 1. árs nemenda. erum með langan lista.
5. Edrúpotturinn – ákváðum að halda sömu stefnu á næsta balli, nema ef skólastjórnendur ákveða að bregðast við áskorun foreldraráðs frá síðasta skólaári um að nemendur á 2. ári myndu blása amk fram til áramóta. Ef því verður hrint strax í framkvæmd þá metum við það sem svo að bæta þurfi í vinninga í edrúpottinum til að auka hvatninguna.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 19:30.

Helga Sverrisdóttir, fundarritari